Nd. **583. Nefndarálit**

um frv. til laga um bygging og rekstur strandferðaskips.

Frá meiri hluta samgöngumálanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar getur ekki lagt til, að frv. þetta nái samþykki háttv. deildar.

Sumir nefndarmenn eru þeirrar skoðunar, að strandferðir sjeu nú sæmilegar á þeim stöðum, sem slík skip geta siglt til, eftir að búið er að heimila leigu á skipi um 4 mánaða annamestu tíma fyrir strandferðir og ákveða að byggja nýtt milliferðaskip, sem kemur að miklum notum við flutning fólks og vöru hafna milli.

Þá er það sýnilegt, að mörg hjeruð leggja meira kapp á að bæta innanhjeraðssamgöngur og telja þess meiri þörf en auka strandferðir með byggingu nýs skips.

Það virðist og fullvíst, að fólksflutningar milli Norðurlands og Reykjavíkur muni, þá er bílvegur er kominn frá Borgarnesi norður í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur, sem verður eftir örfá ár, fara fram á landi, þar sem það verður bæði ódýrara og ekki eins timafrekt, og þá stórum þægilegra öllum þorra manna.

Þá vill meiri hlutinn benda á þá leið, sem farin var með lögum nr. 53, 10. nóv. 1913, að heimila ríkisstjórninni að kaupa hluti í Eimskipafjelagi Íslands fyrir alt að 400 þús. kr., gegn því, að fjelagið taki að sjer strandferðirnar. Meiri hlutinn telur, að rjett sje, að þessi leið sje athuguð nú á ný, því fremur, sem það er álit flestra, sem til þessa rekstrar þekkja, að Eimskipafjel. Íslands geti rekið góðar og hagkvæmar strandferðir fyrir mun minna fje en ríkissjóður þarf að kosta til sömu ferða.

Að öllu þessu athuguðu ráðum vjer háttv. deild til að afgreiða frv. með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Deildin álitur rjettast:

a. að bíða eftir reynslu þeirri, sem fæst með leiguskipi því, sem stjórninni er nú heimilað að starfrækja,

b. að þeirri reynslu fenginni að fela stjórninni að leitast fyrir hjá Eimskipafjel. Íslands, með hvaða kjörum fjelagið vildi taka að sjer að halda uppi strandferðum líkum þeim, sem hjer voru þá er tvö smáskip voru höfð til ferðanna,

og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. maí 1926.

Jón A. Jónsson, form. og frsm. Jón Kjartansson. Hákon J. Kristófersson.